

Nornafjöld ofsækir Pál Óskar á NASA

Eftir Arnar Eggert Thoroddson
arnart@mbl.is

Það er ekki að spyrja að meistara Páli Óskari, þegar hann gerir eitthvað þá fer hann með það alla leið og gott betur en það. Þannig er raunin með hrekkjavölkuna næsta laugardag en Páll er búinn að leggja undir sig NASA sem er hægt og sígandi að breytast í bona fide draugahús. Skreytimeistarar vinna nú nótt sem nýtan dag að umturnuninni og Páll „Drakúla“ Óskar leggur út frá ákveðinni hugmyndafræði hvað kvöldið varðar. Eins og segir, ekkert hálfkák. „Við ætlum að láta á það reyna hvort ekki sé hægt að koma árlegu hrekkjavölkupartí í gang,“ segir hann. „Fólk hefur gaman af því að dressa sig upp á þessum degi en staðan undanfarin ár hefur verið dá-



Heltekinn Páll Óskar fer alla leið.

lítið „All dressed up – and nowhere to go!“ En núna getur fólk sem sagt liðið um í búningunum sínum – í hæfandi umhverfi.“

Páll segist meira að segja slá varnagla því að ef svo óheppilega vill til að fólk slæðist þarna inn á gallabuxunum verður Partíbúðin með sölubás á staðnum svo allir geti verið með. „Svo eru ískeygglegir hlutir að fara í gang,“ segir Páll og hlær sínum einkennandi hlátri. „Alvöru nornir, alls 40 stykki, ætla að marsera inn á staðinn uppáklæddar og verður Sigríður Klingenberg þar í fararbroddi!“

Það er síðan að sjálfsgöðu Páll Óskar, eða DJ Dracula, sem mun þeyta skífum fram á blóðrauða nótt. Teitið stendur frá 23 til 5.30. Forsala aðgöngumiða verður á NASA á morgun frá 13 til 17. Miðaverð er 2.000 kr.

Fólk



„Af fingrum fram“ í Salnum snýr aftur

■ Píanóleikarinn kunnir **Jón Ólafsson** snýr aftur í Salinn, Kópavogi, í kvöld með tónleikaröðina Af fingrum fram. Röðin er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum sem voru keyrðir þrjá vetur í röð í Sjónvarpinu og nutu þeir fádæma vinsælda. Tónleikarnir fara þannig fram að Jón fær til sín góða gesti og í sameiningu er farið í gegnum feril viðkomandi; bæði í tali og tónum.

Það er sjálf Diddú sem ríður á vaðið og mun hún einblína á popperferil sinn og syngja lög sem hún gerði fræg með Hrekkjusvínunum, Spilverkini og lög úr kvikmyndinni Stelli í orlofi fá einnig að hljóma. Hinn 12. nóvember leiðir svo Magnús Kjartansson áheyrendur í allan sannleik um sig og sína tónlist og hinn 26. sama mánaðar er röðin komin að stórsöngvaranum Stefáni Hilmarssyni.

Miða má nálgast á midi.is eða í gegnum vefsíðuna salurinn.is



Skuld flytur í Bókabúð Máls & menningar

■ Skuld bókabúð verður flutt í Bókabúð Máls & menningar á Laugavegi 18 á næstunni. „Með þessu er verið að stórefla áherslu Bókabúðar Máls & menningar á erlendar bækur sem og viðskiptabækur en Skuld bókabúð hefur sérhæft sig í sölu viðskiptabóka frá upphafi. Samstarfið eflir starfsemi Bókabúðar Máls & menningar sem býður í kjölfarið upp á meira úrval og aukna þjónustu og sérhæfingu á sviði erlendra titla,“ segir í tilkynningu vegna þessa.

Dógg Hjaltalin, eigandi Skuldar, mun sjá um bóksölu erlendra titla í Bókabúð Máls & menningar.



Heimsósómakvæði fylla Sódómu

■ Sveit **Halls Ingólfssonar** eða kannski öllu heldur verkefni, Disaster Songs, verður með hljótleika á Sódómu í kvöld. Kjarni sveitarinnar er Hallur og söngkonan Halldóra Malín Pétursdóttir en á tónleikum er breitt úr verkefninu og þá leika Axel Árnason slagverksleikari, Hafþór Karlsson kontrabassaleikari og Ása Dýradóttir með þeim, en hún sér um píanóleik. Fyrir stuttu kom út samnefnd plata sveitarinnar en þar má finna söngva sem fjalla allir um „mannlegar hörmungar, jafnvel hamfarir eða ómurlegar aðstæður“. Upphitun verður í höndum söngkonunnar Fabúlu og Markúsar, fyrrverandi söngvara Skáta, sem verður með trúbadúrmiðaða efnisskrá.

Í samtali við umhverfið

● Egill Sæbjörnsson heldur myndlistarsýningu í Hafnarhúsinu og tekur þátt í Sequences ● „Allt saman hlutir sem vídeóum er varpað á,“ segir Egill

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

MYND- og tónlistarmaðurinn Egill Sæbjörnsson opnar í dag sýninguna *Staðarandi og frásögn* í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Egill vinnur jafnan með ólíka miðla, blandar saman myndbands- og hljóðverkum við málverk svo dæmi sé tekið og segir á vef safnsins að á þessari sýningu sé lögð áhersla á frásögnina í verkum hans.

Verða starfsmenn safnsins mikið í því að hlaupa um og ýta á *Playtakka* á þessari sýningu?

„Mjög mikið í því að hlaupa, slökkva og kveikja og leggja rafmagnskapla,“ svarar Egill kímínn. Verkin á sýningunni eru nýleg, fjögur alls, tvö frá þessu ári, eitt árs-gamalt og það fjórða frá árinu 2006. „Þetta eru allt saman hlutir sem vídeóum er varpað á. Það er í rauninni það sem öll verkin eiga sameiginlegt,“ segir Egill. Einhverja tónlist megi líka finna í þeim öllum.

„Í eiginlega öllum þessu verkum finnst mér þetta snúast um það hvernig maður er alltaf í einhverju samtali við umhverfið, bara með því að horfa á það og hugsa um það,“ segir Egill og bætir við: „Við erum með einhverjar ákveðnar hugmyndir um heiminn, hvað sé hægt og hvað sé ekki hægt ... maðurinn er eins og vídeóvarpi og kvikmyndavél um leið, við erum bæði að varpa einhverjum hugmyndum sem við höfum um heiminn ofan á það sem við erum að sjá, af því að heilinn virkar þannig, er það ekki? Og um leið erum við náttúrulega að taka inn nýjar upplýsingar frá einhverju sem er þarna fyrir utan.“

Þetta hefur bara svo mikið með sjálfsmyndina að gera líka, hvernig við sjáum okkur sjálf fyrir okkur, hvaða hugmyndir maður hefur um sjálfan sig. Ef maður heldur að maður sé algjör lúser lifir maður



Morgunblaðið/Heiddi

Egill í Hafnarhúsi Hinn fjölhæfi listamaður sýndi dansfimi sína í Hafnarhúsi í gær með aðstoðarmanninum Fubba.

lúserlífi en ef maður reynir að stappa í sig stálinu hjálpar það oft til þess að láta hlutina gerast.“

Myndlist og tónlist

Egill hefur búið í Berlín í um ellefu ár og er einn þeirra listamanna sem vinna að fleiri en einni listgrein, bæði myndlist og tónlist. Hvernig skyldi honum ganga að halda sig við hvort tveggja, halda jafnvægi, svo að segja? „Mér gengur bara ágætlega. Það er mjög mik-

ild að gera hjá mér, margt framundan sem er góðs viti og mikil viðurkenning,“ segir Egill og má sem dæmi nefna sýningar í virtum, þýskum listastofnunum, Frankfurt-her Kunstverein og Göttingen Kunstverein.

Pó svo að langur tími hafi liðið á milli platna hjá Agli undir merkjum plötufyrirtækis (*Tonk of the Lawn* árið 2000 og *Egill S* á þessu ári) segist Egill engu að síður hafa verið að fást við tónlist og semja lög á

þessum níu árum. Hann hafi m.a. haldið litla tónleika í Þýskalandi og gefið út nokkra heimatilbúna diska í mjög litlu upplagi. Samhliða sýningunni verða ýmsir viðburðir tengdir henni, m.a. listamannspjall sýningar- stjórans Karolin Tampere við Egil 1. nóv. kl. 15, í samstarfi við sjónlistahátíðina Sequences líkt og gjörningur sem framinn verður 5. nóv. Síðast en ekki síst flytur Egill lög af nýrri plötu sinni 17. des. í Hafnarhúsinu, ásamt hljómsveit.

Gluggar fyllast af blóði

RYAN Parteka vígir innsetningu í D-sal Hafnarhússins í dag á sýningu sem ber yfirskriftina *Púsund ár dagur, ei meir* (fyrir Caspar David Friedrich). Er þar skírskotað til málverks þýska listamálarans Friedrich, „Cloister Cemetery in the Snow“. Parteka segir hugmyndina að verkinu hafa kviknað um það leyti er kreppan skall á, Hallgrímskirkjurnum umvafinn byggingarpöllum og hálfklárað tónlistarhús innblástur. Í verkinu „tengja tími og rúm saman fortíð, nútíð og framtíð“ og „innsetningin stjórnast af útreikningum á birtu og myrkri í Reykjavík næstu þúsund árin sem framkvæmdir eru í tölvu“, að því er fram kemur í texta um sýninguna. Þrír bogadregnir gluggar fyllast og tæmast af blóði (úr sauðfé) sem er dælt með tækjum sem slá í takt



Tölvuskissa Verk Parteka.

við uppkomu og sólarlag gervisólar. „Á meðan ljós flæðir inn í rýmið og stendur þar við í mislangan tíma, svelgir myrkrið upp herbergið á svipaðan hátt,“ segir ennfremur um innsetninguna.

Gjörningur um hugann

EGILL á það til að fremja gjörninga og þá oft á tíðum gjörninga þar sem hann hefur samskipti við eigin sköpunarverk, t.d. teiknaðar figúrur.

Hann mun þó ekki fremja gjörning á opnuninni í dag í Hafnarhúsinu heldur 5. nóvember nk., í svokölluð fjölnotarými Hafnarhússins, með unnustu sinni, leikstjóranum Marcio Moraes. Gjörningurinn ber nafnið „The Mind“, eða „Hugurinn“.

Getum við eitthvað rætt um þann gjörning, má ljóstra einhverju upp um hann?

„Já, það er allt í lagi, það má allveg tala um hann,“ svarar Egill. „Við ætlum að taka fyrir fyrirbærið hugur,“ segir Egill, „og erum að velja fyrir okkur hvað það er. Hugurinn, er hann inni í heilanum eða er hann

í öllu umhverfinu, hvar býr hann?“ spyr Egill og er stórt spurt.

Þetta er dálítið stórt hugtak ...

„Mjög stórt hugtak, við reynum að taka það fyrir á alvarlegan hátt en á léttum nótum.“ Egill segir þau ætla að opna út í salinn þannig að plássíð verði meira, ef ske kynni að margir mættu.

Verða þetta mikil læti?

„Já ... það er svona svolítil hávaði í þessu,“ svarar Egill en þó verði engin hljóðfæri notuð. Þau Marcia verði á sviði, öll grámálud líkt og umhverfið og á þau varpað vídeoverki. En eins og oft vill verða með gjörninga verður þeim vart lýst með orðum og hvað þá áður en búið er að fremja þá. Sjón er sögu ríkari og forvitnir verða því að mæta í Hafnarhúsið 5. nóv. kl. 20.